

Fundur í skólaráði 28. október 2019

Mættir: Eyrún skólastjóri, Hafdís og Hólmfríður kennarar, Lea, Alma og Darri nemendur, Soffía f.h. starfsmanna, Ágúst og Elfa Björk foreldrar, Helga deildarstjóri skrifar fundargerð.

1. Starfsáætlun

Starfsáætlun var send á skólaráðsmenn. Eyrún fór yfir hana og lýsti ánægju vegna aukningar á fjölda nemenda í skólanum. Í skólanámskrá má finna allar tölur tengdar skólahaldi, almenna umfjöllun um skólastarfið og skóladagatal. Skólanámskráin var lögð fyrir fundinn til samþykktar og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Hún verður í framhaldinu birt á heimasíðu skólans.

2. Íþróttahús og Glerárvision.

Reikna má með að parketlagn ljúki upp úr miðjum nóvember. Búið að panta svið og hljóðkerfi sem við fáum nú í nóvember. Ef það gengur ekki eftir að húsið verði tilbúið þarf samþykki skólaráðs til að breyta skóladagatali. Ef á þarf að halda að Glerárvision verði frestað fram í fyrstu viku desember. Skólaráð samþykkti að breyta megi skóladagatali til að koma til móts við það að hægt verðir að halda Glerárvision.

3. Eyrún fór yfir skóladagatalið. Benti á uppbrotsdaga fram undan, 15. nóv. tengt degi íslenskrar tungu og baráttudagur gegn einelti 8.nóvember. Glerárvision í lok mánaðar. Góðir mánuðir framundan en með vorinu þarf að fara að huga að breytingum á D-álmum.

4. Önnur mál.

- Lea kynnti verkefnið Teamtree sem krakkarnir vilja fá að kynna fyrir nemendum. Eyrún vill fá að vita hvaðan verkefnið kemur og hvar eigi að gróðursetja?
- Rætt um Skýjaborgir. Spurt hvort og hvernig megi mála ganginn. Foreldri spyr hvort nemendur megi ekki vera aðeins frjalsari þar. Umræða um tónlist í Skýjaborgum. Skýjaborgir komnar á dagskrá.
- Íþróttahúsið verður opið í frímínútum þegar það verður til.
- Beðið um flokkunardalla í sjoppuna, hægt að verða við því.
- Ágúst bendir á að gott sé að bjóða krökkum sem læra á hljóðfæri að koma fram á skemmtunum skólans. Það hefur verið gert og verður gert áfram.
- Hafdís spyr um hönnun skólalóðar. Eyrún getur ekki svarað hvernig staðan er, en það er verið að hanna skólalóðina. Allar óskir komnar frá skólanum til arkitekta. Spurt um körfuboltavellina sem komnir eru við aðra skóla. Ekki vitað hver staðan er hér.
- Foreldri orðið þreytt á myndunum framan á skólahúsnaðinu. Spyr hvenær málað verði yfir. Ekki hægt að svara því en reikna má með að ekki verði málað yfir á næstu árum.